Vísað er til fundar rekstraraðila Háholts og forsjóra Barnaverndarstofu dags. 2. des. 2013 um endurnýjun þjónustusamnings Barnaverndarstofu og rekstraraðila meðferðarheimilisins að Háholti Skagafirði. Meginniðurstöður viðræðna okkar fólust í eftirfarandi atriðum:

1. Aðilar eru sammála um að gerður verði nýr þjónustusamningur um starfssemi Háholts þar sem sérstaklega verði kveðið á um nýtt hlutverk meðferðarheimilisins sem felst í því að taka fanga sem dæmdir hafa verið til óskilorðsbundinnar refsivistar til meðferðar. Gert verði ráð fyrir því að 3 til 4 einstaklingar geti vistast á Háholti, þar af allt að 2 fangar hverju sinni. Miðað er við að gildistími nýs samnings verði þrjú ár. Taki stjórnvöld ákvörðun um aðra tilhögun vegna vistunar fanga yngri en 18 ára verði gert ráð fyrir því í samningi með ákvæði um uppsögn samningsins með eðlilegum fyrirvara.
2. Núgildandi þjónustusamningur verði framlengdur í þrjá mánuði frá 1. janúar 2014 að telja. Taki gildi, fyrir 1. apríl 2014, reglugerð sem áformað er að setja skv. 14. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005, sbr. lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013 áforma aðilarnir að gera nýjan samning um rekstur meðferðarheimilisins sem leysi núverandi þjónustusamning af hólmi. Hafi þjálfun starfsmanna, breytingar á húsnæði og gildistaka reglugerðar ekki átt sér stað fyrir 1. apríl 2014 eða nái aðilar ekki saman um nýjan þjónustusamning um starfsemi Háholts skal núverandi þjónustusamningur framlengjast um þrjá mánuði í senn, enda sé honum ekki sagt upp með þriggja mánaða fyrirvara, miðað við mánaðamót.
3. Hafist verði handa um að hrinda í framkvæmd nauðsynlegum breytingum á húsakynnum Háholts sem fyrst. Fela þær í sér að unnt verði að loka af norðurgang hússins, treysta öryggisfrágang a.m.k. tveggja herbergja og afmarka svæði vegna hins nýja hlutverks eftir því sem nánar verður ákveðið. Leita skal eftir því við sveitarfélagið Skagafjörð, eiganda hússins, að annast framkvæmdir og jafnframt verði leitað eftir sérfræðiráðgjöf frá Fangelsismálastofnun við undirbúning þeirra.
4. Undirbúningur að þjálfun starfsfólks til að mæta þeim kröfum sem nýtt hlutverk meðferðarheimilisins felur í sér skal hefjast við fyrsta tækifæri og vera lokið þegar nýr þjónustusamningur tekur gildi.
5. Nú þegar verði hafist handa um að treysta möguleika vistunglinga á Háholti til náms í samræmi við einstaklingsmiðaðar þarfir þeirra.
6. Rekstaraðilar munu ekki bera kostnað vegna liða 3 til 5.

Með hliðsjón af ofangreindu telur Barnaverndarstofa rétt að ráðningarsamningar við starfsfólk Háholts verði endurnýjaðir hið fyrsta í því skyni að treysta samfellu í starfssemi heimilisins.

Reykjavík, 6. desember 2013.

f.h. Háholts

f.h. Barnaverndarstofu